

## Fundargerð

## Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings

29. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar var haldinn í fundarherbergi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings að Fljótsmörk 2, Hveragerði miðvikudaginn 17. október 2018 kl 17.00. Mættir voru: Sigurbára Rúnarsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Björn Kristinn Pálmarsson, Jóhanna Valgeirsdóttir, Valgerður Sævarsdóttir, Elsa Jóna Stefánsdóttir, Sigurður Einar Guðjónsson og María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Ásmundur Lárusson boðaði forföll.

1. Lagt fram til kynningar staða helstu málaflokka janúar-september 2018, fjárhagsaðstoð, barnavernd og félagsleg heimaþjónusta.
2. Lögð fram tillaga að breytingu á gjaldskrá og upphæð fjárhagsaðstoðar fyrir árið 2019.  
**Bókun:** Nefndin samþykkir fyrirliggjandi tillögur og vísar þeim til bæjar- og sveitastjórna til samþykktar.
3. Lögð fram tillaga forstöðumanns um breytt skipulag Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Í tillögunni kemur fram ósk um að félagsráðgjafar verði ráðnir til byggðarsamlagsins eins og starfsmenn skólaþjónustu. Innleitt verði Austurlandslíkanið um snemmtæka íhlutun og forvarnir. Einnig að ráðin verði verkefnisstjóri stuðningsþjónustu vegna breyttra laga um félagslega þjónustu.  
**Bókun:** Nefndin styður framkomnar tillögur.
4. Trúnaðarmál, eitt mál skráð í trúnaðarmálabók.

### Fundi slitið kl 18.15

*Sigurbára Rúnarsdóttir*

Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður

*Björn K Pálmarsson*

Björn Kristinn Pálmarsson

*Bjarney Vignisdóttir*

Bjarney Vignisdóttir

*Elsa Jóna Stefánsdóttir*

Elsa Jóna Stefánsdóttir

*Jóhanna Valgeirsdóttir*

Jóhanna Valgeirsdóttir

*Valgerður Sævarsdóttir*

Valgerður Sævarsdóttir

*Sigurður Einar Guðjónsson*

Sigurður Einar Guðjónsson

*María Kristjánsdóttir*

María Kristjánsdóttir